

## Fundur Ráðgjafaráðs

<b>Dagsetning:</b>	10.janúar 2019
<b>Fundartími:</b>	Kl. 15:30-16:30
<b>Staðsetning:</b>	Fjölskylduþjónustan Strandgötu 6.
<b>Fundarritun:</b>	Sóley Jónsdóttir, Elín Ýr komst ekki.

**Mættir:** Jóna, Embla, Elísabet, Kristjana, Sóley fundarritari. Þórarinn og Bergur. Elín Ýr afboðaði

### Dagskrá fundarins:

1. Farið var yfir fundargerð síðasta fundar sem var haldin 6.desember 2018 og var hún samþykkt
2. Sóley fór yfir svör við fyrirspurnum sem lagðar höfðu verið fyrir:  
5 ára átak í aðgengismálum, gera ráð fyrir kr. 10.000.000.- á ári næstu 5 árin til að bæta aðgengi Verið er að bíða eftir svörum frá framkvæmdarsviði  
Leggja metnað í að flýta uppbyggingu á heimilum fyrir fólk sem sértækar þjónustuparfir ( fólk með fatlanir) Bráðlega verður farið í gang með að byggja Arnarhraunið. Teikningar tilbúnar og bara eftir að taka skóflustungu  
Öldutúnið: Búið er að samþykkja eitt útboðið en gera þarf smávægilegar breytingar á teikningum.  
Fjölskylduráð samþykkti í gær að koma inn í rekstur á heimili sem Vinabær ætlar að sjá um að yrði byggt. Athuga á samstarf við Þroskahjálp með það. Í kortnum er svo eitt í viðbót sem verið er að skoða lóð fyrir.  
Fjölga NPA samningum á næstu árum. Npa samningar voru 15 í fyrra en eru þegar komnir í um 20 núna.  
Setja á laggirnar “ færniskóla/ þjálfunaríbúð” þar sem fram færi þjálfun fyrir fatlaða í að halda heimili þar sem þau læra að elda, þrifa o.fl. hægt væri að nota Sankti Jósefsspítala. Ekkert svona tilboð er starfrækt að degi til og slíkt er ekki á dagskrá en Hrauntunga í Kópavogi hefur verið nýtt sem slíkt en þá er þar sólarhringsþjónusta  
Umbótaverkefni í málefnum fatlaðra/nýsköpun t.d. atvinnumál.  
Geitungarnir er það nýjasta og er starfið þar í stanslausri endurskoðun.
3. Rætt var samninginn við ferðaþjónustuna, Sóley ætlar að senda Elísabetu samningana og hún kíkir á þá og mun koma með punkta á næsta fund.
4. Ágúst og Sandra ætluðu að búa til Facebook hóp eftir málþingið sem átti að vera í sambandi við aðgengismál. Sóley athugar hjá Ágústi hvernig það gengur.
5. Farið var yfir reglur ráðgjafaráðs og komið með tillögur að breytingum. Sóley mun setja þetta upp og láta inn á Facebook hóp ráðgjafaráðs til yfirlestrar.
6. Rannveig sviðsstjóri Fjölskylduþjónustunnar mun koma inn á næsta fundi hjá Ráðgjafaráði og ræða akstursþjónustuna.

Næsti fundur verður 7.febrúar 2019 kl. 15:30-16:30 á Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.